

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska gámafélagið Kalkslétta 1 og Koparslétta 22



Dags eftirlits	2.11.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska gámafélagið	Eftirlitsmaður	
Heimili	Koparslétta 22	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4705962289	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Freyr Valdimarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varða vöktunarmælingar og skil á skráningum.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með spilliefnamóttöku Íslenska gámafélagsins að Koparsléttu 22 í Reykjavík. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.3)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (k. 3)
- Innra eftirlit og vöktun (k. 4)

Um er að ræða fyrsta eftirlit með starfsleyfi á nýrri starfstöð spilliefnamóttökunnar. Móttakan er staðsett tímabundið í húsnæði að Koparsléttu 22 en stefnt er að því að hún verði í húsnæði að Kalksléttu 1 og gildir starfsleyfið því fyrir bæði heimilisföngin. Heimilt er að taka á móti 1000 tonnum af spilliefnum á ári til undirbúnings fyrir förgun eða endurnýtingu.

Farið var í skoðunarferð um húsnæðið að Koparsléttu 22. Fram kom að verkstjóri í spilliefnamóttökunni hefur góða þekkingu á starfseminni, verklýsingar eru skýrar og nýjir starfsmenn fá þjálfun frá reyndari starfsmönnum. Girðing sem umlykur athafnasvæðið er ekki fullkláruð, en svæðið er vaktað. Við spilliefnamóttökuna eru upplýsingaskilti um takmörkun aðgangs ásamt varúðarmerkingum.

Spilliefni eru meðhöndluð innandyra og flokkuð í kör eftir því sem við á, pakkað í plast og sett í gám utan húsnæðið. Niðurföll í rýminu eru lokuð og mengunarvarnir tiltækar.

Rekstraraðili heldur skráningar um þau spilliefni sem koma í gegnum spilliefnamóttöku fyrirtækisins. Rætt var um að skila þurfi skráningum sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár og vakta frárennslisvatn í samræmi við mælingaáætlun í gr. 4.2.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að krafa væri um vöktunarmælingar, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi, sem og að minnt var á að skila þurfi skráningum sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.11.2021

Sigríður Magnúsdóttir